

SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARÁÐ

Ár 2016, 13. janúar, var haldinn 91. fundur skóla- og frístundaráðs. Fundurinn var haldinn í Hofi á Höfðatorgi í Reykjavík og hófst kl. 11:07. Fundinn sátu Skúli Helgason (S) formaður, Eva Einarsdóttir (Æ), Jóna Björg Sætran (B), Kjartan Magnússon (D), Líf Magneudóttir (V), Marta Guðjónsdóttir (D) og Sabine Leskopf (S). Auk þeirra sátu fundinn eftirtaldir áheyrnarfulltrúar: Arnaldur Sigurðarson (Þ); Andrea Sigurjónsdóttir, starfsfólk í leikskólum; Atli Steinn Árnason, framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva; Birgitta Bára Hassenstein, foreldrar barna í grunnskólum; Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, skólastjórar í Reykjavík; Guðrún Gunnarsdóttir, leikskólastjórar í Reykjavík og Ragnheiður Anna Þorsteinsdóttir, foreldrar barna í leikskólum. Jafnframt sátu fundinn Helgi Grímsson sviðsstjóri, Eygló Traustadóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hildur Björk Svavarsdóttir, Kristján Gunnarsson og Valgerður Janusdóttir. Fundarritari var Guðrún Sigtryggisdóttir.

Þetta gerðist:

1. Starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2016, trúnaðarmál. Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri skóla- og frístundasviðs, Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Skúli Helgason formaður skóla- og frístundaráðs, kynna og svara fyrirspurnum. SFS2015060210
- Kl. 11:25 tekur Soffía Pálsdóttir sæti á fundinum.

Lögð fram bókun sem sett var í trúnaðarbók skóla- og frístundaráðs.

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði lagði fram svohljóðandi trúnaðarbókun á fundi skóla- og frístundaráðs 23. september 2015 þegar fjallað var um drög að starfs- og fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs 2016:

Áheyrnarfulltrúi framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva í skóla- og frístundaráði óskar eftir því að við gerð fjárhagsáætlunar sviðsins fyrir árið 2016 verði fjármagn tryggt inn í frístundastarf í tengslum við fimm umbótaþætti sem sviðið leggur áherslu á til næstu fimm ára. Í drögum um fjárhagsáætlun sviðsins fyrir árið 2016 er ekki ljóst hvort frístundastarf fái auka fjármagn til að þróa og innleiða frístundastarf sem tengist þessum umbótaþáttum. Sviðið hefur lagt áherslu á að öll fagsviðin taki virkan þátt í innleiðingu umbótaþáttanna eftir fjölbreyttum leiðum og að starfsstaðir sviðsins taki mið af þessum þáttum við gerð starfsáætlana fyrir árið 2015 – 2016. Þessu til viðbótar telur áheyrnarfulltrúi þó mikilvægt að skóla- og frístundasvið skapi tækifæri fyrir öll fagsviðin að þróa og innleiða starf í þessum þáttum en til þess þarf umfram fjármagn.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir greinargerð um árangur af orkusparnaðarverkefnum, sem ráðist hefur verið í á skóla- og frístundasviði (áður menntasviði, leikskólasviði og hluta af íþrótt- og tómstundasviði) frá árinu 2008. Þar komi fram m.a. sundurliðað yfirlit um orkukostnað sviðsins, orkusparnaðarmarkmið sem sett hafa verið fram í einstökum fjárhagsáætlunum og mat á því hvort og hvernig þessi markmið hafi náðst.

SFS2016010073

- Kl. 12:15 vîkur Kjartan Magnússon af fundinum og Örn Þórðarson tekur þar sæti.
2. Kannanir á líðan og högum grunnskólanemenda í Reykjavík. Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfræði- og rannsóknþjónustu skóla- og frístundasviðs, kynni og svarar fyrirspurnum. SFS2016010077

- Kl. 12:55 vikur Valgerður Janusdóttir af fundinum.
- Kl. 13:00 vikur Hildur Björk Svavarsdóttir af fundinum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata þakka fyrir kynningu á högum og líðan nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Það er ánægjulegt að sjá að forvarnarstarf og samvinna milli skóla, foreldra og annarra sem vinna með börnum og unglingum hefur skilað sér ríkulega í m.a. betri líðan nemenda, meiri áhuga á náminu og minnkandi ofbeldi. Einnig neyta stöðugt færri nemendur áfengis og/eða reykja og hefur hlutfall þeirra lækkað verulega frá 1997 og heldur áfram að lækka. Skólayfirvöld, foreldrar og aðrir sem starfa með börnum mega hins vegar ekki sofna á verðinum og verða markvisst að halda því góða forvarnarstarfi áfram sem hefur verið unnið hingað til. Að veita börnum og ungmennum góða, þroskandi og áhyggjulausa æsku er samfélagsverkefni sem við berum öll ábyrgð á.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja mikilvægt að upplýsingar úr Skólapúlsi séu lagðar fram aðgreindar eftir skólum í þeim tilgangi að auðvelda eftirlit með að brugðist sé við vandamálum sem upp geta komið í skólastarfi. Áréttað er að skóla- og frístundaráð hefur eftirlitsskyldu með skólastarfi í borginni og mótár stefnu í skólumálum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi bókun:

Framsókn og flugvallarvinir fagna kynningu á samantekt á líðan og högum grunnskólanemenda í Reykjavík en telja brýnt að kjörnir fulltrúar skóla- og frístundaráðs hafi greiðan aðgang að sundurgreinandi trúnaðargögnum þannig að gleggri yfirsýn fái yfir stöðuna í einstaka skólum og skólahverfum. Betri innsýn getur flýtt stuðningi og aðstoð við einstaka skóla, skólahverfið og nemendasamfélagið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar er gert að vera með ákveðna áætlun til að vinna gegn einelti í skólanum og til að vinna á skipulagðan hátt með þau eineltismál sem skólayfirvöld fá mögulega vitneskju um að séu í gangi í skólanum. Það er hins vegar eitt að hafa reglur að aðgerðaáætlun til staðar og svo hitt að vel gangi að framfylgja fyrirfram settu vinnuferli.

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um tíðni og meðhöndlun eineltismála í grunnskólum Reykjavíkur. Hve mörg eineltismál hafa komið inn á borð skólastjórnenda í grunnskólum Reykjavíkur frá því í ágúst 2014 til loka desember 2015 er varða nemendur viðkomandi skóla? Hve mörg þeirra hafa fengið viðeigandi meðferð, þ.e. samkvæmt þeim vinnureglum sem skólinn hefur sett sér varðandi vinnu gegn einelti? Í hve mörgum tilvikum er talið að náðst hafi full sátt milli gerenda og þolenda? Telur skólastjórnin eigin viðbragðsreglur nægilega öflugar og gegnsærjar? Nær skólinn að anna vinnu við eineltismál og fá nemendur tafarlaust nauðsynlega sérfræðiþjónustu til að vinna með vandann, bæði þolendur og gerendur? Hve margir nemendur skólans eru á biðlista eftir sérfræðiaðstoð til að vinna í erfiðleikum tengdum einelti?

SFS2016010078

3. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Brúarskóla. Jafnframt lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla og nógildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Brúarskóla. Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016010028

Björk Jónsdóttir, skólastjóri Brúarskóla, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla. Jafnframt lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla og nógildandi reglur um nógildandi reglur um innritun og útskrift nemenda úr Klettaskóla. Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016010028

Árni Einarsson, skólastjóri Klettaskóla, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að reglur um innritun og útskrift nemenda í Klettaskóla verði sendar foreldrafélagi skólans til umsagnar.

Samþykkt.

5. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um reglur um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Jafnframt lögð fram til kynningar drög að reglum um innritun og útskrift nemenda úr einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar og nógildandi reglur um innritun í sérskóla og sérhæfðar sérdeildir. Hrund Logadóttir, verkefnastjóri á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs, kynnir og svarar fyrirspurnum. SFS2016010028

Hreiðar Sigtryggsson, skólastjóri Langholtsskóla, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að reglur um innritun og útskrift nemenda í einhverfudeildum í grunnskólum Reykjavíkurborgar verði sendar skólaráðum og foreldrafélögum skólanna til umsagnar.

Samþykkt.

6. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. janúar 2015, varðandi tillögu að skóladagatali grunnskóla skólaárin 2016-2017 og 2017-2018 auk skóladagatala fyrir skólaárin. Fyrir skólaárið 2016-2017 er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 22. ágúst 2016 og að skólar taki vetrarleyfi 20., 21. og 24. október 2016 og 20. og 21. febrúar 2017. Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2016 og 25. apríl 2017. Skólaslit verði 7. júní 2017. Fyrir skólaárið 2017-2018 er gert ráð fyrir að skólastarf hefjist 22. ágúst 2017 og að skólar taki vetrarleyfi 19., 20. og 23. október 2017 og 15. og 16. febrúar 2018. Lagt er til að umhverfis dagar verði 16. september 2017 og 25. apríl 2018. Skólaslit verði 7. júní 2018. SFS2016010029

Samþykkt.

7. Lögð fram hugmynd af vefsvæðinu Betri Reykjavík, dags. 30. október 2015, um að opna námsverin í skólunum. Jafnframt lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, um hugmyndina. SFS2015110022

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að kynna tillögu um að opna námsverin í skólunum fyrir samráði grunnskólastjóra og skóla- og frístundasviðs.

Samþykkt.

8. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. janúar 2016, varðandi þjónustusamning við Íþróttafélag fatlaðra. Jafnframt lögð fram drög að þjónustusamningi milli skóla- og frístundasviðs og Íþróttafélags fatlaðra um sundkennslu grunnskólanemenda í Reykjavík með fötlun og þroskafrávik ásamt reglum Reykjavíkurborgar um styrki. SFS2016010055

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

9. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi 16. desember 2015:

Skóla- og frístundaráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að ráðist verði í undirbúning vegna lagningar battavallar (sparkvallar með gervigrasi) á skólalóð Húsaskóla.

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2016, varðandi lagningu battavallar á skólalóð Húsaskóla. SFS2015120080

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka tillögu Sjálfstæðisflokksins um sparkvöll við Húsaskóla til meðferðar á samráðsvettvangi skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem leggi drög að tillögu um forgangsröðun viðhalds- og endurbótaverkefna á skólalóðum út frá faglegu mati, jafnræði og heildarsýn.

Frestað.

10. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem frestað var á fundi 16. desember 2015:

Skóla- og frístundasvið beinir því til umhverfis og skipulagssviðs að ráðist verði í lagfæringar og endurbætur á skólalóð Selásskóla. Lagfæra þarf jarðveg og fegra illa farið svæði norðan og austan megin við skólann. Setja þarf upp leiktæki á skólalóðinni fyrir yngri sem eldri börn, t.d. rólur og vegasalt, sem og fótboltamörk og körfur. Brýnt er að lagfæra girðingu í kringum skólann og girðingu vantar á hluta lóðarinnar, sem snýr að götunni. Enn fremur þarf að hækka þá girðingu sem er á milli boltavalla og götu. Þá er hljóðvist í matsal skólans óviðunandi og brýnt að bæta hana sem fyrst.

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2016, varðandi endurbætur á skólalóð Selásskóla og úrbætur á hljóðvist í matsal skólans. SFS2015120081

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Bjartar framtíðar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Pírata leggja fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að taka tillögu Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á skólalóð Selásskóla og úrbætur við hljóðvist í matsal skólans til meðferðar á samráðsvettvangi skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem leggi drög að tillögu um forgangsröðun viðhalds- og endurbótaverkefna á skólalóðum út frá faglegu mati, jafnræði og heildarsýn.

Frestað.

- Kl. 14:10 tekur Valgerður Janusdóttir sæti á fundinum.
- 11. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 10. desember 2015, varðandi skil á skólanámskrám leikskóla. Skóla- og frístundasvið hefur ákveðið að skil á skólanámskrám leikskóla ásamt umsögn foreldraráðs verði 1. maí 2016. Endurskoðuðum námskrám skal skilað til skóla- og frístundasviðs þriðja hvert ár. Heimasíður leikskóla skulu ávallt geyma nýjasta eintak af skólanámskrá leikskólans. SFS2014120150
- 12. Lögð fram dagskrá ráðstefnunnar *Gerðu og ég sé – segðu og ég heyri!* fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar sem haldin verður 4. febrúar 2016. SFS2016010030
- 13. Lagður fram úrskurður innanríkisráðuneytisins, dags. 30. desember 2015, í stjórnarsýslumáli nr. IRR14120031. SFS2014090167
- 14. Lagt fram bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 8. janúar 2016, um embættisafgreiðslu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, eitt mál. SFS2015010035
- 15. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Samkvæmt upplýsingum frá Menntamálastofnun munu sveitarfélögin hafi fengið samtals 30 milljónir króna í lok árs 2014 sem skyldi dreift á skóla út frá á fjölda nemenda. Peningana átti að nýta til að taka upp upplýsingakerfi sem styddi við innleiðingu námskrárinnar og innleiðingu á nýja námsmatinu. Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um hvað Reykjavík fékk háa upphæð og hvort peningunum hefur verið varið í þessa innleiðingu? Ef já – með hvaða hætti?

SFS2016010074

- 16. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Í ljósi þeirrar miklu óvissu sem ríkt hefur það sem af er skólaárinu varðandi námsmat við lok 10. bekkjar og inntökuskilyrði í framhaldsskólana óska Framsókn og flugvallarvinir eftir upplýsingum um hvort skóla- og frístundasvið muni, í samstarfi við framhaldsskólana, standa fyrir miðlægri kynningu á námsframboði og inntökuskilyrðum framhaldsskólanna fyrir nemendur og foreldra þeirra.

SFS2016010075

- 17. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Framsókn og flugvallarvinir óska eftir upplýsingum um fjölda starfsmanna á skóla- og frístundasviði að undanskildum kennurum og öðru starfsfólki leik- og grunnskóla. Hvernig dreifast starfsmennirnir á hin ýmsu starfssvið og deildir innan sfs?

SFS2016010076

Fundi slitið kl. 14.40

Skúli Helgason

Eva Einarsdóttir
Líf Magneudóttir
Sabine Leskopf

Jóna Björg Sætran
Marta Guðjónsdóttir
Örn Þórðarson

